

Lis Klovning:

Social capital in post-disaster recovery



25. febrúar
kl. 12-13, Lögbergi stofu 101

Lis Klovning Hansen Montes de Oca, félagsráðgjafi og lektor í félagsráðgjöf við VIA University Collage í Árósum, flytur fyrirlestur um félagsauð og uppbyggingu í kjölfar áfalla. Fyrirlesturinn fer fram á ensku, öll velkomin.

Lis hefur unnið um árabíl sem félagsráðgjafi og verkefnastjóri með flóttafólki og innflytjendum í Árósum en áður starfaði hún við samfélagsvinnuverkefni í Burkina Faso. Lis kennir og stýrir námskeiði um félagsráðgjöf í kjölfar áfalla við félagsráðgjafardeild VIA. Lis er Nordplus gestakennari við Félagsráðgjafardeild HÍ.

Málstofan er haldin á vegum Félagsráðgjafardeildar í samstarfi við rannsóknarverkefnið Norræn Velferðarvakt-Velferð og vá sem er eitt verkefna formennskuáætlunar Íslands. Rannsóknin er samstarfsverkefni fræðimanna og sérfræðinga frá Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð undir stjórn Guðnýjar Bjarkar Eydal prófessors við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. Sjá nánar um verkefnið hér: <https://www.velferdarraduneyti.is/norraen-velferdarvakt/>